



Aðfangastefna um varðveislu á einkaskjalasöfnum í Mosfellsbæ

Tilgangur aðfangastefnu – björgun einkaskjalasafna.

Í einkaskjalasöfnum, ekki síður en í skjalasöfnum opinberra aðila, liggur hluti af þjóðararfi Íslendinga. Í skjölunum má finna ítarlegar lýsingar á húskosti, klæðnaði, mataræði, afþreyingu, skemtunum, heilsufari og trú svo fátt eitt sér nefnt. Einnig má þar finna, beint og óbeint, réttindi einstaklinga, t.d. fjárhagsleg réttindi, eignarréttur, starfsréttindi og almenn réttindi til vitneskju um uppruna einstaklinga og sögu.

Aðfangastefnan á að tryggja að varðveisla einkaskjalasafna sé skipuleg og fylgt sé faglegum grundvallaratriðum í söfnun, skráningu og varðveislu auk þess mikilvægis að einkaskjalasöfn varðveitist til þess að tryggja vitnisburð um fyrri tíma á fullnægjandi hátt.

Opinber skjalasöfn og einkaskjalasöfn eru samtvinnuð og því órofa þættir í minni samfélagsins. Opinber skjöl öðlast meira gildi sem vitnisburður, þegar kostur er á að nýta þau í tengslum við einkaskjöl. Mikilvægt er að varðveisla skjala tryggi heildrænan vitnisburð um samfélagið.

Markmið

Héraðsskjalasafnið skal leitast við að fá til varðveislu skjöl einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja og annarra sem þykja hafa mikilvægu hlutverki að gegna varðandi sögu umdæmis þess eða íbúa þess. Héraðsskjalasafn skal halda lista yfir þekkt einkaskjalasöfn sem enn eru í vörslu einkaaðila, fellst í þessum lista að mestu leiti skrá um félög og fyrirtæki.

Afhendingar á skjölum frá einkaaðilum eru teknar inn óháð áritunarformi, en áskilur safnið sér um leið, rétt til þess að afrita gögn með þeim hætti sem þykir bestur hverju sinni.

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar fylgir, ákvæðum úr samþykktinni fyrir héraðsskjalasafnið, laga og reglugerða um opinber skjalasöfn við öflun, vörslu, varðveislu og aðgengi að einkaskjalasöfnum. Stefna ber að því að kvaðir um aðgengishindranir á einkaskjalasöfnum í vörslu héraðsskjalasafnsins séu sem minnstar umfram ákvæði laga. Við framkvæmd aðfangastefnunnar verður haldið fast í grunnviðmið faglegrar skjalavörslu, svo sem innri og ytri upprunareglu, siðareglum skjalavarða og öðrum faglegum viðmið um frágang og skráningu skjalasafna.



Stefnt skal að gera afhendingarsamning um sérhverja afhendingu einkaskjala til héraðsskjalasafnsins.

Um lög og reglur varðandi söfnun á einkaskjölum

Nokkur ákvæði laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og í reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994, kveða beinlínis á um söfnun og varðveislu einkaskjalasafna í opinberum skjalasöfnum.

16. grein laga um opinber skjalasöfn segir:

Opinberu skjalasafni er heimilt að taka við skjölum annarra en afhendingarskyldra aðila til varðveislu og eignar ef þau eru talin hafa mikilvæga þýðingu fyrir hlutverk safnsins skv. 13. gr. Þegar sérstaklega stendur á er opinberu skjalasafni þó heimilt að taka við slíkum skjölum með skilyrði um að þau verði ekki gerð aðgengileg í ákveðinn tíma, en hann má lengstur vera 80 ár og er heimilt að hafa ólík tímaviðmið um aðgang almennings annars vegar og fræðimanna í skilningi 8. mgr. 37. gr. hins vegar. Að öðru leyti gilda ákvæði þessara laga um aðgang að slíkum skjalasöfnum eftir því sem við getur átt.

Þegar eigur manns renna til ríkissjóðs skv. 55. gr. erfðalaga skulu skjöl hans, ef einhver eru, afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Þjóðskjalaverði er heimilt að fela héraðsskjalasafni varðveislu skjala sem Þjóðskjalasafni kunna að berast samkvæmt þessu ákvæði.

Hafi maður í vörslum sínum einkaskjalasafn sem enginn á eignarrétt að er honum skylt að afhenda það Þjóðskjalasafni Íslands. Þjóðskjalaverði er heimilt að fela öðru safni varðveislu skjala sem Þjóðskjalasafni kunna að berast samkvæmt þessu ákvæði.

Þjóðskjalavörður skal beita sér fyrir að gert verði samkomulag milli opinberra skjalasafna og annarra stofnana sem málið varðar um hvernig varðveislu einkaskjalasafna verði best háttáð á opinberum vettvangi.

13. gr. 1.mgr, laga um opinber skjalasöfn segir um söfnun einkaskjala:

Hlutverk opinberra skjalasafna er m.a. að: ... 6. leitast við að afla annarra heimilda en frá afhendingarskyldum aðilum til að tryggja sem best að heimildir um þjóðarsöguna varðveitist.

Í 20.gr. 1.mgr í lögum um opinber skjalasöfn um almenna miðlun upplýsinga um þjóðarsöguna, er kveðið á um miðlun og fræðslu m.a. á grundvelli einkaskjala:

Opinber skjalasöfn skulu vinna að því að gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenningi, svo sem á vef sínum eða með öðrum hætti, og veita fræðslu um sögu þjóðarinnar eða byggðarlaga á grundvelli skjala í vörslu þeirra.

Í 4. grein reglugerðar um héraðsskjalasöfn segir:

...Héraðsskjalasöfn skulu leita eftir því að fá til varðveislu skjöl frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum á safnsvæðinu.

Merking hugtakanna opinber- og einkaskjalasöfn

Einkaskjalasafn. Einkaskjalasöfn eða einkaskjöl eru þau skjöl sem ekki eru frá opinberum aðilum eða öðrum sem skyldir eru að skila skjölum til opinbers



skjalasafns. Helstu tegundir einkaskjalasafna eru skjalasöfn frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum.

Einkaskjöl geta verið ákaflega margbreytileg, svo sem dagbækur, bréf, prófskírteini, eignaskjöl, samningar, handrit, fundargerðabækur, bókhaldsgögn, handskrifaðar uppskriftabækur, ljósmyndir, hljóð- og myndbandsupptökur.

Opinber skjalasöfn. Sveitarfélög, svo og allar stofnanir og nefndir á þeirra vegum sem fara með stjórnslu, byggðasamlög og aðrir þeir aðilar sem sjá um framkvæmd einstakra stjórnsluverkefna vegna samvinnu sveitarfélaga eru afhendingarskyld með sín skjöl til héraðsskjalasafns sem þau reka sbr. 14. gr. laga um opinber skjalasöfn.

Afhendingarskyldir aðilar sem heyra undir stjórnslu ríkisins og þau sveitarfélög sem ekki koma að rekstri héraðsskjalasafns, afhenda skjöl sín til Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirvarar

Aðfangastefnan skuldbindur héraðsskjalasafnið ekki til viðtöku einstakra skjalasafna, stofnunin tekur afstöðu í hverju máli m.a. með hliðsjón af aðfangastefnunni.

Stefnt skal að samstarfi við önnur opinber skjalasöfn um aðfangastefnu. Samhæfing er af hinu góða. Þetta verður þó að vera með fyrirvara um vilja eigenda einkaskjalasafna. Gæta þarf þess að virða hann. Aðalatriði er að tryggja varðveislu skjalasafna og koma í veg fyrir að þau sundrist.

Þess skal gætt við öflun og aðföng einkaskjalasafna að grisjun eigi sér ekki stað áður en afhendingin á sér stað. Helst er þess óskað að einkaskjölin komi til safnsins ófrágengin og óhreinsuð þ.e. að engu skjali hafi verið eytt, heldur kom þau í því ásigkomulag sem þau eru/voru í.

Gildistími

Gildistími aðfangastefnu einkaskjala í Mosfellsbæ er fimm ár, frá 1. maí 2019 til og með 30. apríl 2024. Aðfangastefnan verður endurskoðuð á gildistímanum, ef þurfa þykir, þannig að hún nýtist sem best í starfi héraðsskjalasafnsins.

Birna Mjöll Sigurðardóttir
héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar